

Danska 8b. 2023 - 2024

Kennarar: Þórleif Guðjónsdóttir

8

Skólaárið

2023 -2024

Helstu námsþættir vetrarins

Áhersla er lögð á að vinna með færniþættina fimm, lestur, hlustun, framsögn, ritun og menningarlæsi.

Unnið verður með þá þætti sem standa nemendum næst, þ.e. um þá sjálfa, nánasta umhverfi þeirra, skólann, fjölskylduna, áhugamál, upphaldsmatinn, gæludýr, íþróttir o.s.frv. Það verða hefðbundin vinnubókarverkefni sem innihalda m.a. eyðufyllingar, krossgátur, orðarugl, hlustunarefni, samræðuverkefni og lesskilning. Ásamt því að vinna skapandi verkefni sem tengja við menningu og lífnaðarhætti í Danmörku. Nemendur skila verkefnum bæði munnlega og skriflega.

Nemendur munu einnig lesa og skrifa texta, horfa á þætti og kvikmyndir, hlusta á tónlist.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Til grundvallar eru valdir kaflar úr bókinni **SMART**, les og vinnubók ásamt **Tak**, les- og vinnubók.

Unnið verður í 6-8 vikna lotum þar sem hver lota hefur ákveðið þema. Í hverri lotu verður unnið með orðaforða tengdan þemanu og farið í grunnþætti málfræðinnar. Ásamt því að vinna valda kafla úr vinnubókunum og skila fjölbreyttum og skapandi verkefnum sem unnin verða bæði í hópum og sem einstaklingar.

Námsaðlögun

Námsefnið er aðlagð að nemendum eftir þörfum, sumir gera fleiri æfingar á meðan aðrir gera færri. Eins þurfa sumir lengri tíma á meðan aðrir þurfa styttri tíma til að vinna verkefni. Nemendur fá einnig aðstoð eftir þörfum s.s. hljóðefni. Einstaklingsnámskrá er fyrir þá sem þurfa.

Námsmat

Námsmat fer fram yfir allan veturinn og verða ýmis verkefni, kynningar og próf, bæði munnleg og skrifleg lögð fyrir þar sem ákveðnir námsþættir eru metnir hverju sinni. Frammistaða og virkni nemenda í tímum er einnig metin sem og vinnubækur nemenda og glósur. Stuðst verður við leiðsagnarmat og sjálfsmat.

Námsgögn

- SMART, les og vinnubók
- Tak, les- og vinnubók
- Efni frá kennara
- Efni af netinu
- Þættir/kvikmyndir, tónlist ofl.
- Smásögur

Kennari áskilur sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

AS Danska 8. bekkur 2019 - 2025 - Lykilhæfni

- farið eftir fyrirmælum og nýtt tímann vel
- axlað ábyrgð á náminu og gefa góðan vinnufrið
- átt í góðum samskiptum við aðra

AS Danska 8. bekkur 2019 - 2025 - Hlustun

- hlustað eftir upplýsingum um efni sem hefur verið unnið með

AS Danska 8. bekkur 2019 - 2025 - Lesskilningur

- aflað sér upplýsinga úr textum tengdum námsefninu

AS Danska 8. bekkur 2019 - 2025 - Orðaforði

- geti nýtt orðaforða tengdan námsefninu til verkefnavinnu

AS Danska 8. bekkur 2019 - 2025 - Frásögn

- flutt stutta undirbúna kynningu

AS Danska 8. bekkur 2019 - 2025 - Ritun

- skrifað stuttan texta um málefni sem hann þekkir

AS Danska 8. bekkur 2019 - 2025 - Menningarlæsi

- sýnt fram á að þekki til siða, hefða og menningar á viðkomandi málsvæði og borið saman við eigin menningu